


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	MYL 113	Kennsluáætlun vorönn 2015

Kennari	Helga Björg Jónasardóttir	hbj@vma.is	Viðtalstími: Þriðjudaga kl. 11:20-12:00
----------------	---------------------------	------------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn ákveðnum aðferðum til þess **að virkja** hugmyndir sínar og **þróa**. Nemandinn lærir að gera **hugkort** og beita fjölbreyttum aðferðum við hugmyndavinnu. **Hugstormun**(brainstorming) er notuð til þess að **fanga** hugmyndir og virkja hugmyndaþengsl. Lögð er áhersla á **þróun hugmynda** og **leit** eftir **nýjum** sjónarhornum/samhengi sem er grundvallarþáttur í allri hönnun. Nemandinn skoðar **margvíslegar útfærsluleiðir** og vinnur **innsetningarverk** (Installation) í rými skólans.

Nemandinn:

- Hannar eigin hugmyndamöppu
- Safnar hugmyndum í hugmyndabanka og skráir eigið vinnu-og hugmyndaferli
- Leysir 3 stærri hönnunarverkefni
- Gerir tilraunir

Markmið: Í áfanganum á nemandinn að....


- sýna opna, leikandi og skapandi hugsun
- skýra hugmyndir sínar á munnlegan skriflegan og myndrænan hátt
- vinna hugmyndavinnu í hóp
- ná tökum á ferlinu hugmynd - úrvinnsla – afurð
- sýna hæfni til að þróa hugmyndir
- sýna sjálfstæði, frumkvæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum
- þekkja hugtökin hugkort, hugstormun, þemavinna og synektík
- vinna innsetningarverk eða videomálverk
- læra að þekkja eigið hugmyndavinnu ferli

Áætlun um yfirferð:

Fyrstu 2 vikur annarinnar eru gerðar æfingar til að virkja hugmyndaflugnið og “fanga” hugmyndir.

Unnið er markvisst með “brainstorming” eða hugstormun og þema hugsun/vinnu. Mikið er lagt upp úr skissuvinnu og hugkortagerð. Prófaðar verða ólíkar aðferðir til að örva skapandi hugsun nemenda.

Í framhaldi er áfanganum skipt í 3 lotur þar sem nemendur vinna 3 stærri hugmyndaþverkefni og einnig ýmis smærri verkefni. Mikið er lagt upp úr persónulegri útfærslu á hugmyndum og því að nemendur nýti eigin færni og þekkingu til framsetningar og beiti þar öllum tiltækum miðlum. Verkefnin byggja á sjálfstæðri vinnu nemenda með aðstoð og leiðsögn kennara.

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	MYL 113	Kennsluáætlun vorönn 2015

Allt vinnuferli á að vera sýnilegt í lok áfanga. Skráið hjá ykkur hvar hugmyndir fæðast og hvernig þær þróast. Geymið allt riss og skissur, takið ljósmyndir, skráið ferlið með öllum tiltækum ráðum. Geymið ALLAR hugmyndir, ekki bara þær sem þið vinnið meira með. **LÍKA ÞÆR SEM VIRÐAST EKKI MERKILEGAR.**

Námsgögn:

Stuðst er t.d. við bækurnar Handbók í hugmyndavinnu eftir Steingrím Eyfjörð, Art Synectics eftir Nicholas Roukes, Sköpunarkjarkur eftir David og Tom Kelley, bækur um Reggio Emilia hugmyndafræðina. Efni á Moodle, Mind Mapping eftir Tony Buzan, ýmsa vefi og annað efni um allt milli himins og jarðar.

Innkaup:

Nemendur þurfa að eiga góða skissubók til að skrá hugmyndir, teiknipenna (artline) góða tússliti, liti, blýanta, pappírsskæri, pappírslím.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Próflaus áfangi sem byggir á ástundun og símati	Vægi
Hugmyndamappa	Hönnun hugmyndamöppu (hugmynd og útfærsla)	10%
Í hugmyndamöppu	Hugmyndabanki/safn með öllu sem gert er í tímum og meira til, - pælingar – skissur – ljósmyndir – tilraunir – mistök - útfærslur – æfingar – verkefni	20%
Lotur	3 stærri verkefni – hugmynd, útfærsla og framsetning	30%
Sjálfsmat	Ítarlegt mat á eigin vinnu og frammistöðu	20%
Virgni	Þáttaka í verkefnum og umræðum opin og leitandi hugsun sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði.	20%

Með fyrirvara um breytingar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils